

efni hefur gefist til. Með bréfi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 5. nóvember 1975, var málið síðan sent ríkissaksóknara, en þá var eftir að yfirheyra 5 aðilja, sem tilgreindir voru í framangreindu bréfi ríkissaksóknara, sem búsettir voru í Reykjavík og Keflavík. Ekki hefur ennþá náðst til allra þeirra manna og yfirheyrslum því ekki lokið.

Rannsóknargögn máls þessa hafa verið send Læknaráði til athugunar og umsagna með bréfi, dagsettu 9. febrúar 1976, til meðferðar á þeim læknisfræðilegu álitserðum, sem lagðar hafa verið fram. Úrskurður Læknaráðs í máli þessu liggur enn ekki fyrir.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um rannsókn og sakarefni máls þessa, þykir nauðsyn bera til að framlengja gæsluvarðhaldsúrskurð ákærða með hliðsjón af 1. og 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þykir hæfilegt að framlengja gæsluvarðhald ákærða í allt að 60 dögum frá deginum í dag að telja.

Því úrskurðast:

Gæsluvarðhald ákærða, Sigurgeirs Einars Karlssonar, hófst með úrskurði sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 14. maí 1975 og hefur síðan verið framlengt fjórum sinnum, framlengist í allt að 60 dögum frá 24. mars 1976 að telja.

Föstudaginn 23. apríl 1976.

Nr. 83/1976. Ákærvaldið

gegn

Oddgeiri Guðmundi Guðmundssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Andrés Valdimarsson, sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann var viðstaddur uppkvaðningu hins kærða úrskurðar 22. mars sl. Er þá bókað í þingbók: „Tók ákærði í samráði við verjanda sér sólarhringsfrest til að ákveða, hvort úrskurð þennan skuli kæra til Hæstaréttar“, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 74/1974. Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómara var hinum kærða úrskurði skotið til Hæstaréttar 23. mars sl. Hinn 12. apríl 1976 bárust Hæstarétti gögn máls með bréfi rannsóknardómara, dags. 9. s. m.

Hinn 14. þ. m. barst Hæstarétti greinargerð skipaðs verjanda varnaraðilja. Er þess þar aðallega krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Með ákæru 22. nóvember 1974 er varnaraðili saksóttur fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. sömu laga. Með ákæru 26. mars 1975 er honum gefið að sök að hafa framið innbrot og þjófnað samkvæmt 244. gr. alm. hegningarlaga. Ákæru þessar voru ekki birtar varnaraðilja fyrr en 10. febrúar 1976, en dómur vegna ákæruatriða þessara hefur enn ekki verið kveðinn upp.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 23. janúar sl., var varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum, en hann var kærður fyrir að hafa aðfaranótt þess dags í herbergi í húsi nokkru við Grundarstíg hér í bæ, sem varnaraðili hafði til afnota, ráðist á Baldvin Jóhann Þorláksson, Skarðshlíð 23 A á Akureyri, og tekið af honum peningaveski hans, sem í voru, að sögn Baldvins Jóhanns, verðmæti um 24.000 krónur. Varnaraðili hefur neitað þessum sakargiftum, en veskið með öllu því, sem í því átti að vera, fannst undir blaði í áðurnefndu herbergi.

Í greindum úrskurði sakadóms Reykjavíkur segir enn fremur:

„Oddgeir Guðmundsson er vanaafbrotamaður. Til meðferðar hjá sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

eru 2 ákærur á hendur Oddgeiri. Ríkissaksóknari hefur til athugunar 5 kærur á hendur Oddgeiri og fjölda annars fólks fyrir ýmis konar auðgunarbrot. Síðastliðna helgi var Oddgeir kærður fyrir þjófnað á seðlaveski og tékkhefti við skemmtistaðinn Þórscafé hér í borg. Hann neitaði því broti. Helgina þar á undan braust Oddgeir ásamt öðrum inn í apótekið á Selfossi, en þeir voru handteknir á Hellisheiði á leið til Reykjavíkur. Oddgeir Guðmundsson kveðst hafa komið til Reykjavíkur fyrir u. þ. b. hálfum mánuði og ekki haft neinn fastan samastað né haft neitt sérstakt fyrir stafni, en verið allan tímann við áfengisdrykkju“. Rannsókn vegna brota þessara er enn ekki lokið.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 1., 3. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 mega staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til, þannig að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum frá og með 23. mars 1976 að telja.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Lýsing sakargifta í hinum kærða úrskurði er mjög ófullkomin. Er það andstætt 164. gr. laga nr. 74/1974. Ber að átélja þetta.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Oddgeir Guðmundur Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum frá og með 23. mars 1976 að telja.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

22. mars 1976.

Ákærði í máli þessu, Oddgeir Guðmundur Guðmundsson, var tekinn, eins og framlagðar ákærur og önnur skjöl málsins bera með sér, hafa gerst brotlegur við ýmis ákvæði refsilaga, sem við liggja viðurlög, er numið geta allt að 16 ára fangelsi (sic). Auk þess má af skjölum þessum sjá, að ákærði hefur mjög lagt það í vana sinn að fremja afbrot, og vitað er, að brotaferill hans á Snæfellsnesi, í Reykjavík og víðar er mjög slæmur.

Ákærði er nú í gæsluvarðhaldi í Reykjavík vegna rannsóknar afbrots, sem hann er talinn hafa framið þar.

Vegna brotaferils ákærða og með skírskotun til framanritaðs þykir mega ætla, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn laus, meðan máli hans er ekki lokið. Með vísan til 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sérstaklega 4. og 5. lið, þykir nauðsynlegt að úrskurða ákærða í gæsluvarðhald, er telst hæfilega ákveðið allt að 60 dögum frá 23. mars 1976 að telja.

Því úrskurðast:

Ákærði, Oddgeir Guðmundur Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Þriðjudaginn 27. apríl 1976.

Nr. 25/1976. **Ákæruvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Svani Hvítaness Halldórssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Sigurður Lindal.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar tvær verðskrár Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins yfir áfengi. Er sú fyrri frá 20. desember 1972, en sú síðari frá 17. febrúar 1975, og var útsöluverð samkvæmt henni á heilflösku af íslensku brennivíni kr. 1.670.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um sýknu ákærða af kröfum ákæruvalds samkvæmt a lið ákæru. Staðfesta ber ákvæði héraðs-dóms um refsingu ákærða vegna ólöglegar áfengissölu, shr.